

Gjaldskrá fyrir fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar

1. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Álagningarstuðull fyrir fráveitugjald er 0,335% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

2. gr.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum. Gjald dagar þessarar gjalda skulu vera þeir sömu og annarra fasteignagjalda.

3. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar og skráðar eru í fasteignamat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

Stofngjald fráveitu - Íbúðarhúsnæði, verslunar og þjónustu, heimæð \leq 150 mm. 103.954 krónur.
Stofngjald fráveitu - Iðnaðar og atvinnuhúsnæði, heimæð $>$ 150 mm. 207.924 krónur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 1289/2015 sem samþykkt var af bæjarstjórn Seyðisfjarðar þann 9. desember 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 14. desember 2016.

Seyðisfirði 27. desember 2016

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri